



Flest, ef ekki öll, stærðfræðihugtök og aðferðir í stærðfræði er best að kenna með þrautalausnum. Við þrautalausnir þurfa nemendur að einbeita sér að sínum hugmyndum og rökhugsunum til að finna lausnina.

Að leysa þrautir eykur skilning nemenda á stærðfræði, nemendur fá aukna trú á sér og það hjálpar þeim að ná árangri. Þrautalausnir eru notaðar til að örva hugsun nemenda á sem flestum sviðum. Markmiðið er að nemendur þjálfist í að leita markvisst að leiðum til úrlausnar á tilteknu efni með rökhugsun og mismunandi leiðum þ.e. sínum leiðum. Með því að nota þrautalausnir við kennslu er verið að virkja nemendur í að leita ólíkra leiða til að leysa hinar ýmsu þrautir og hjálpa þeim að sjá hlutina í víðara samhengi, ásamt því að tengja það reynslu sinni og þekkingu. Með því að ná færni í þrautalausnum verða nemendur færari í því að yfirfæra þá þekkingu og reynslu sem þeir öðlast í skóla yfir á úrlausnarefni í daglegu lífi, þ.e. við hinar raunverulegu aðstæður. Áhersla á þrautalausnir er ekki síst nauðsynleg nú á tímum örrar tækniþróunar og breytileika þjóðfélagsins, eða eins og segir í aðalnámskránni þá er það hlutverk skólans að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífellndri þróun. Nemendur læra stærðfræði með því að vinna í stærðfræði.